

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 13. ágúst var haldinn 130. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:00 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skotsvæðið á Álfsnesi. Hverfisráð hefur miklar áhyggjur af aukinni hljóðmengun vegna rýmknar á starfstíma. Ákveðið að senda bókun frá síðasta fundi ráðsins á fund heilbrigðisnefndar.
2. Lögð fram skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Frestað.
3. Næsti fundur hverfisráðs Kjalarness verður 3. september. Fundur með skólastjóra í október.
4. Lögð fram útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. júní varðandi breytingu á deiliskipulagi við Melavelli. Hverfisráð sendi inn svohljóðandi athugasemd:

Hverfisráð Kjalarness vill koma eftirfarandi athugasemd á framfæri vegna fyrirhugaðrar stækkunar alifuglabúsins að Melavöllum. Frá haustinu 2012 hefur hverfisráð Kjalarness stutt við samstarf félaga og skóla á Kjalarnesi undir yfirskriftinni **Grænt Kjalarnes**. Markmið Græns Kjalarness er að styrkja ímynd Kjalarness sem svæðis sem gott er að búa á og býður upp á útivistarmöguleika af ýmsu tagi fyrir íbúa og aðra. Sérkenni Kjalarness felst í því að vera grænt víðáttumikið dreifbýlissvæði innan marka Reykjavíkurborgar. Með því að vinna að þróun svæðisins undir fyrirsögninni Grænt Kjalarnes er verið að móta framtíðarsýn fyrir svæðið þar sem byggt er á þessu sérkenni og um leið möguleikum þess á að auka lífsgæði fólks. Framtíðarsýnin leggur áherslu á að viðhalda og vernda Kjalarnes sem opið og dreifbýlt svæði innan borgarmarkanna en einnig að íbúar svæðisins og þéttbýlisins hafi aðgengi að grænum svæðum í tengslum við atvinnulíf, fræðslu og frístund. Verkefnið Grænt Kjalarnes snýst um uppbyggingu svæðisins samkvæmt þessari framtíðarsýn. Uppbyggingin tengist þá þeirri ímynd sem Kjalarnes vill hafa, sem og aðgerðir sem farið er í til að þróa landið, frístundataækifæri og atvinnutengt efnahagslíf til samræmis við framtíðarsýnina. Í þessu samhengi vill hverfisráðið benda á að nauðsynlegt er að hafa hagsmunir íbúa Kjalarness í huga þegar ákvarðanir eru teknar sem geta haft áhrif á lífsgæði á svæðinu. Viljum við benda á skotsvæðið á Álfsnesi sem dæmi en því fylgir veruleg hljóðmengun sem truflar útivist í Esjuhlíðum og mun víðar á Kjalarnesi. Fyrirhuguð er stækkun iðnaðarsvæðisins á Esjumelum og er vísað til umsagnar hverfisráðsins um þá stækkun í júní síðastliðinn. Þá er óvíst hver áhrif stækkunar verksmiðjusvæðisins í Hvalfirði munu verða á Kjalarnesi. Fyrirhuguð stækkun alifuglabús og fjölgun húsa á verksmiðjubúi í næsta nágrenni við kúabúið á Bakka teljum við vera áhyggjuefni og hvetjum við til þess að hefðbundinn landbúnaður sem fyrir er á Kjalarnesi hafi forgang í samræmi við áherslur í samstarfinu um Grænt Kjalarnes. Að lokum ítrekar Hverfisráð Kjalarness bókun sína frá fundi 14.6.2012 þegar fjallað var um fyrri beiðni um stækkun kjúklingabús á Melavöllum en þar segir: „Hverfisráð Kjalarness telur mikilvægt að borgaryfirvöld gæti að sanngirnissjónarmiðum gagnvart íbúum Kjalarness, ábúendum í nágrenninu og verksmiðjueigendum þegar kemur að ákvarðanatöku um stækkun á kjúklingabúi að Melavöllum. Gæta þarf að því að ekki sé gengið á jafnvægi manns og náttúru og að tryggt sé að reglum um umhverfismengun sé fylgt í hvívetna.“ (sent inn 12.08.2015)

5. Betri hverfi. Ingibjörg Sigurþórsdóttir gerði grein fyrir stöðunni en ekkert af kosnum verkefnum í hverfinu hefur komið til framkvæmda ennþá, en framkvæmdir hefjast í september. Rætt um betri hverfi 2014.
6. Yfirferð bókana síðasta fundar – verkefnalisti. Sigríður Pétursdóttir sendir bréf til Orkuveitu Reykjavíkur varðandi veginn sem þarf að fjarlægja eftir byggingu skolpdælustöðvarinnar. Eldey Huld Jónsdóttir athugar stöðu mála vegna breytinga á ferðatíðni Strætó bs.
7. Áheyrnarfulltrúar. Íbúasamtök Kjalarness hafa ekki nýtt sér sæti áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins í langan tíma og því rætt um að gefa örðum færi á að nýta sæti áheyrnarfulltrúa.
8. Kjalarnesdagar. Farið yfir mjög vel heppnaða Kjalarnesdaga m.a. ljósmyndasamkeppni.
9. Lagt fram erindi frá stjórnkerfis- og lýðræðisnefnd varðandi hugsanlegar breytingar á hverfisráðum þar sem óskað er umsagnar hverfisráðsins. Frestað.

Fundi slitið kl. 18:50

Ólafur Þór Zoéga
Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Hafsteinn Númason
Guðfinna Ármannsdóttir